

Grýtubakkahreppur
Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri
Stóragerði
610 Grenivík

2004100008
6602; 9310

Reykjavík, 5. október 2005
/--

Efni: Lagning vegar upp á Grenivíkurfjall í Grýtubakkahreppi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Grýtubakkahrepps móttekið 1. september 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt lagning vegslóða upp á Grenivíkurfjall í Grýtubakkahreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000 m.s.br. og lið 10c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Grýtubakkahrepps, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Grýtubakkahreppi með bréfi dags. 6. september 2005, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi móttekið 8. september 2005 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 16. og 30. september 2005. Frekari upplýsingar bárust frá Grýtubakkahreppi með bréfi dags. 22. september og tölvupósti dags. 4. október 2005.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Um er að ræða um 4 m breiðan og 2,5-3 km langan veg sem fyrirhugað er að leggja upp á Grenivíkurfjall frá vegslóða sem liggur frá núverandi vegi norðan Grenivíkur. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að efnismagn í burðarlag verði um 1200 m³ og að um 600 m³ muni annars vegar koma úr skeringum og hins vegar úr opnum námum við Grenivík. Á um helmingi leiðarinnar muni vegurinn liggja um gróið land, aðallega lyngmóa og melagróður en með tilkomu hans mun verða komið í veg fyrir gróðurskemmdir af völdum snjósleða á Grenivíkurfjalli. Fram kemur að lokuð vatnsból, sem nýtt séu af saltfiskverkun Brims hf., séu nokkuð sunnan vegarins og muni hann liggja að hluta til innan grannsvæðis og að hluta innan fjarsvæðis vatnsbólanna. Ekki sé um menningarminjar að ræða á fyrirhuguðu áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

Fram kemur að tilgangur veglagningarinnar sé að auðvelda aðgengi upp á fjallið Kaldbak, einkum að vetri til auk þess sem vegurinn muni nýtast vel til útivistar yfir sumartímann.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Grýtubakkahrepps, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur fram að að höfðu samráði við jarðfræðing sem unnið hafi tillögur að verndarsvæði vatnsbóla telji eftirlitið að lítil sem engin áhætta sé tekin varðandi vatnsbólíð þó að fyrirhuguð framkvæmd verði leyfð.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að almennt eigi að forðast veglagningu innan vatnsverndarsvæða eins og kostur er, ekki síst grannsvæða, til að tryggja öryggi vatnsbóla. Með hliðsjón af framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og með tilliti til umfangs framkvæmdarinnar telur Umhverfisstofnun hins vegar ekki ástæðu til að gera athugasemdir við fyrirhugaða staðsetningu vegarins innan vatnsverndarsvæðis. Stofnunin telur þó rétt að sveitarfélagið setji reglur um umgengi og umferð um svæðið og jafnframt að nauðsynlegt sé að gerð verði viðbragðsáætlun vegna hugsanlegra óhappa. Bent er á að veglagning upp á Grenivíkurfjall geti valdið töluverðu jarðraski og haft í för með sér mikil sjónræn áhrif ef ekki sé staðið vel að framkvæmdum. Stofnunin telji því mikilvægt að vegstæði og skeringar verði hannaðar áður en framkvæmdir hefjist til að tryggja að jarðraski og sjónrænum áhrifum verði haldið í lágmarki. Jafnframt sé mikilvægt að reynt verði að fella skeringar að landinu og að allt jarðrask verði grætt upp til að draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar. Þá er bent á að tryggja þurfi að vegurinn nýtist fyrirhugum notendum sem skyldi en samkvæmt loftmynd sem fylgdi tilkynningu um framkvæmdina virðist fyrirhugað vegstæði vera nokkuð bratt á köflum.

Í svörum framkvæmdaraðila eru ekki gerðar athugasemdir við framkomnar umsagnir.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu um 2,5- 3 km vegar upp á Grenivíkurfjall í Grýtubakkahreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

Fyrir liggur að fyrirhugaður vegur mun liggja að hluta um vatnsverndarsvæði. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að samráð verði haft við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra um þann hluta vegarins sem liggur um vatnsverndarsvæði og að með því að gæta ítrustu varkárni við veglagningu innan vatnsverndarsvæðanna og að fyrir hendi verði viðbragðsáætlun vegna hugsanlegra óhappa telur Skipulagsstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa neikvæð áhrif á grunn- og neysluvatn. Skipulagsstofnun telur að vegur upp á Grenivíkurfjall muni hafa nokkur neikvæð áhrif á yfirbragð og ásýnd lands þar sem hann liggur um óraskaða fjallshlíð og um gróið svæði á um 1,5 km kafla. Með þeim aðgerðum sem fram koma í umsögn Umhverfisstofnunar, þ.e. að hanna skeringar áður en framkvæmdir hefjast og fella þær og vegstæði að landi eins og unnt er auk þess að græða upp allt jarðrask, telur Skipulagsstofnun að draga megi úr neikvæðum sjónrænum áhrifum veglagningarinnar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Grýtubakkahrepps við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Grýtubakkahrepps vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning vegar upp á Grenivíkurfjall sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Grýtubakkahrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf framkvæmdaraðili að leggja fram áætlun um efnistöku sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.br. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 4. nóvember 2005.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun.